



**HAFNARFJÖRÐUR**

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga,  
b.t. Eiríks Benónýssonar, sérfræðings,  
Sölvhólsgötu 7,  
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 24. júlí 2015  
1506567 MLJ

### **Efni: Stjórnsýslubreytingar 2015**

Á fundi bæjarráðs þann 16. júlí sl. var lögð fram úttekt Capacent á rekstri og stjórnsýslu Hafnarfjarðarbæjar sem og greining R3 ráðgjafar á fjölskylduþjónustunni ásamt tillögum. Nú þegar er farið að vinna með tillögur ráðgjafanna. Mun undirritaður upplýsa EFS frekar um framkvæmd tillagnanna á haustmánuðum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 29. júní sl. skipulagsbreytingar sem byggja á áðurnefndum úttektum. Þessar breytingar eru þegar hafnar og mun þeim verða lokið þann 15. september næstkomandi.

Hægt er að nálgast skýrslurnar á vef sveitarfélagsins, hafnarfjordur.is.

Jafnframt var lagt fram á fundinum meðfylgjandi minnisblað fjármálastjóra varðandi ófyrirséð frávik frá fjárhagsáætlun 2015 sem munu hafa veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins 2015, að öðru óbreyttu, gangi þau öll eftir. Um er að ræða frávik samtals að upphæð 760 millj. kr. miðað við stöðuna eins og hún er í dag. Frávikin eru eftirfarandi:

- Nokkuð mikil óvissa er með útsvarstekjur sveitarfélagsins á árinu 2015. Á fyrri hluta ársins féll úrskurður í skattamáli sem leiddi til þess að sveitarfélagið var krafist um endurgreiðslu á álögðu útsvari frá árinu 2013 að upphæð um 380 millj. kr. Að auki er staðgreiðsla útsvars um 40 millj. kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir miðað við 31. maí.
- Farið hefur fram endurmat á starfsmati vegna starfsmanna hjá sveitarfélaginu, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Áætluð útgjöld vegna þessa, vegna ársins 2014, sem greidd verða í ár, eru um 80 millj. kr. og vegna ársins 2015 um 120 millj. kr., eða samtals um 200 millj. kr.
- Í byrjun árs 2015 tók Strætó yfir akstursþjónustu fólks með fötlun fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu nema fyrir Kópavogsbæ. Er þetta gert í samræmi við samning sem sveitarfélögin gerðu á vormánuðum 2014. Strætó gaf það út að gera mætti ráð fyrir að kostnaðurinn á árinu 2015 yrði svipaður og árið 2014 eða jafnvel lægri. Strætó var að miða við kostnaðinn hjá Reykjavíkurborg en byggðasamlagið hafði séð um þessa þjónustu fyrir Reykjavíkurborg. Komið hefur í ljós að kostnaðurinn hjá Reykjavíkurborg var rúmlega tvöfalt hærri á hverja ferð en hann hafði verið t.d. hjá Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið



## HAFNARFJÖRÐUR

2015 er gert ráð fyrir að þessi kostnaður verði 73,1 millj. kr., eða svipaður og hann var árið 2014. Að öllu óbreyttu stefnir hann nú í rúmar 200 millj. kr., sem er rúmlega tvöfalt á við það sem kostnaðurinn var árið 2014 hjá Hafnarfjarðarbæ. Hins vegar virðist kostnaðurinn vera að lækka hjá Reykjavíkurborg. Undirritaður hefur óskað eftir fundi með aðildarsveitarfélögum að Strætó varðandi málið til að fara betur yfir það og kostnaðarskiptinguna.

- Tilkynning hefur komið frá Jöfnunarsjóði um mögulega kröfu um endurgreiðslu vegna ofgreidds framlags, vegna málefna fólks með fötlun, til Hafnarfjarðarbæjar á árinu 2014 að upphæð 40 millj. kr. Af hálfu Hafnarfjarðarbæjar er eftir að skoða það mál frekar og þá spurningu hvort hægt sé að gera slíka kröfu afturvirka.

Auk þess er rétt að fram komi að í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar vegna ársins 2015 er ekki gert ráð fyrir launahækkunum starfsmanna sveitarfélagsins umfram samningsbundnar hækkunir launa eins og þær voru í árslok 2014. Ekki er því gert ráð fyrir mögulegri hækkun launa hjá starfsmönnum vegna nýrra kjarasamninga á árinu 2015. Á sama hátt er ekki gert ráð fyrir hækkun útsvars á árinu 2015 umfram samningsbundnar hækkunir eins og þær voru almennt í árslok 2014. Þannig munu væntanlega almennar launahækkunir á vinnumarkaðnum koma á móti hækkunum launa hjá starfsmönnum sveitarfélagsins verði um þær samíð.

Unnið er að útkomuspá vegna ársins 2015. Stefnt er að því að hún liggi fyrir í ágústmánuði. Mun undirritaður gera EFS grein fyrir henni í byrjun september.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Haraldur Líndal Haraldsson  
bæjarstjóri

Fylgiskjal: Minnisblað – 9. júlí 2015

Afrit: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Minnisblað - 9. júlí 2015**

### **Ófyrirséð frávik frá áætlun**

Það sem af er árinu 2015 hafa komið í ljós ófyrirséð frávik frá fjárhagsáætlun sem munu hafa veruleg áhrif á rekstrarniðurstöður ársins 2015 eða alls yfir 750 m.kr.

Eftirágreitt útsvar, lækkun	380 m.kr.
Staðgreiðsla til 31.05.15	40 m.kr.
Starfsmat vegna 2014	80 m.kr.
Starfsmat vegna 2015	120 m.kr.
Akstur fatlaðra	100 m.kr. + (Óvissa um endanlega niðurstöðu)
Endurgreiðsla til jöfnunarsjóðs	40 m.kr.

Hafnarfirði, 9. júlí, 2015

Rósa Steingrímsdóttir  
Fjármálastjóri

